



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um kostnað við innheimtu gjalda vegna skóla- og frístundastarfs**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 19. desember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

*Hver er kostnaðurinn við það að halda uppi greiðslukerfi og annarri starfsemi tengdri því að reikna út og hafa yfirsýn yfir þau gjöld sem foreldrar þurfa að borga vegna þjónustu við börn þeirra á leikskólum, grunnskólum og frístundarheimilum? Það má ætla að starfskraft þurfi til þess að vinna við það að hafa þessa yfirsýn og vera í samskiptum við foreldra vegna gjalda.*

#### **Svar:**

Samræmt þjónustukerfi heldur utan um nær allar beiðnir og ákvarðanir varðandi þá þjónustu sem forsjáraðilar fá í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum. Þegar umbeðin þjónusta hefst sér þjónustukerfið um að láta stofna reikninga í samræmi við samþykktu gjaldskrá borgarinnar. Eins sér kerfið um að para saman þjónustu við systkini og reikna út viðeigandi afslætti. Þjónustukerfið tekur tillit til skráðrar félagslegrar stöðu forsjáraðila.

Þorri allra gjalda er greiddur á gjalddaga og þarf enga frekari aðkomu að því ferli. Það eru samt dæmi þar sem fullnægjandi gögn hafa ekki verið lögð fyrir í upphafi. Þetta getur t.d. átt við félagslega stöðu forsjáraðila. Eins eru dæmi um að gjöld séu ekki greidd og koma þar til margþætt mál sem kalla á aðkomu fjármálafulltrúa.

Árlegur kostnaður við rekstur samræmnds þjónustukerfis og launakostnaður eru um 18 milljónir króna. Ef bætt eru við 10% óvissuálagi má gera ráð fyrir að árlegur kostnaður sé tæplega 20 milljónir króna.

Hafa verður þó í huga að rekstur og utanumhald kerfisins snýr ekki eingöngu að innheimtu gjalda. Kerfið virkar eins og birgðakerfi og heldur utan um hvar hvaða barn var á hverjum tíma þ.e. hvar barn er skráð í vistun, vistunartíma innan dags, þá daga sem barn er í vistun og hvort viðkomandi leikskóli eigi laus pláss. Kerfið er aðal upplýsingakerfið sem notað er í starfi og rekstri leikskóla og gefur þá yfirsýn sem stjórnendur þurfa við skipulagningu starfsins.